

Dalabyggð
Þórður Már Sigfússon
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Reykjavík, 20. maí 2021

Tilvísun: 201904046/201904090/3.2

Efni: Staðfesting á breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna vindorkuvera í landi Hróðnýjarstaða og Sólheima

Dalabyggð hefur, með erindum dags. 19. apríl 2021 sent Skipulagsstofnun tvær breytingar á aðalskipulagi Dalabyggðar til staðfestingar skv. 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga.

Aðalskipulagsbreytingarnar voru samþykktar í sveitarstjórn Dalabyggðar 15. apríl 2021 ásamt svörum við athugasemdum sem bárust við auglýstar tillögur. Aðalskipulagsbreytingarnar felast í því að marka stefnu og skipulagsákvæði um tvö vindorkuver, annarsvegar á 4,19 km² svæði í landi Hróðnýjarstaða og hinsvegar á 4,14 km² svæði í landi Sólheima sem skilgreind verða sem iðnaðarsvæði (I7 og I8) í stað landbúnaðarsvæðis, þar sem heimilt verður að reisa vindorkuver. Að Hróðnýjarstöðum er um að ræða stefnu og skipulagsákvæði um allt að 130 MW vindorkuver með allt að 40 vindmyllum auk annarra mannvirkja. Að Sólheimum er um að ræða allt að 150 MW vindorkuver með allt að 30 vindmyllum. Í gögnum kemur fram að gert er ráð fyrir að vindmyllurnar geti verið allt að 200 m háar í hæstu stöðu en það er ekki tilgreint í skipulagsákvæðum. Gert er ráð fyrir að bæði vindorkuverin tengist inn á Glerárskógalínu.

Efnistöð og framsetning skipulagsbreytinganna er áþekkt og hefur málsmeðferð og kynning þeirra að mestu farið fram samhliða. Breytingarnar eru settar fram í sitt hvorri greinargerðinni, báðar dags. 26. maí 2020 sem er óbreytt dags. síðan tillögurnar komu til athugunar Skipulagsstofnunar fyrir auglýsingu þeirra. Aftast í greinargerðunum eru skipulagsuppdraettir í mkv. 1:100.000. Báðum erindum fylgdi samantekt yfir ferli málsins, afrit af auglýsingum tillagnanna og athugasemdum sem bárust við auglýstar tillögur. Einnig fylgdi samantekt athugasemda og viðbrögð sveitarstjórnar við þeim. Ekki er tilgreint í erindum sveitarfélagsins hvort sveitarstjórn hafi sent þeim sem gerðu athugasemdir svör við athugasemdum eða birt auglýsingu um niðurstöðu sína.

Virkjun vindorku er nýtt viðfangsefni í skipulagi hér á landi sem fylgja nýjar áskoranir, ekki síst varðandi áhrif á landslag. Um er að ræða uppbyggingu mjög stórra mannvirkja sem munu sjást um langan veg og vera ráðandi í landslagi. Einnig geta vindmyllur haft áhrif á fuglalíf m.a. röskun á búsvæðum og skapað hættu á áflugi. Í skipulagstillögunum er umfjöllun um áhrif vindorkuveranna á fuglalíf takmörkuð. Það sama gildir um áhrif á gróðurfar og votlendi sem nýtur verndar auk þess sem landbúnaðarland á jörðunum sem um ræðir hefur ekki verið flokkað m.t.t. hæfni til ræktunar. Í umsögn Húnaþings vestra um tillögu að breytingu í landi Sólheima, sbr. bókun á fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra dags. 14. janúar 2021, er kallað eftir samráði og upplýsingagjöf m.a. um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á umhverfið en ekki kemur fram hvort brugðist hafi verið

við þeirri beiðni. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma og svör við þeim vekja spurningar um fyrirkomulag uppbyggingar og áhrif á ýmsa þætti sem vísað er til síðari skipulagsvinnu og mats á umhverfisáhrifum.

Samhliða skipulagsferli þessara aðalskipulagsbreytinga vinna forsvarsaðilar áforma um vindorkuver í landi Hróðnýjarstaða og Sólheima að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna. Í báðum verkefnum liggja fyrir samþykktar matsáætlanir og vinna framkvæmdaraðilar nú að umhverfismati framkvæmdanna og frummatsskýrslum á grundvelli þeirra. Þess er að vænta að ýmis mikilvæg atriði sem á þessu stigi skortir upplýsingar um eða ríkir óvissa um, liggi skýrar fyrir þegar umhverfismatsferli framkvæmdanna er lokið. Gildir það um áhrif á landslag og ásynð, áhrif á fuglalíf, tengsl við raforkuflutningskerfið og samlegðaráhrif þessara tveggja vindorkuvera sem og samlegð þeirra með áformum um vindorkuver í Garpsdal í Reykhólahreppi.

Skipulagsstofnun telur að þrátt fyrir að það sé mikilvægt að sveitarfélög marki sér stefnu í skipulagsmálum sem lögð sé til grundvallar ákvörðunum um einstök framkvæmdaáform af því tagi sem hér eru til umfjöllunar, þá sé í þessu tilfelli mikilvægt að fyrir liggi þær upplýsingar sem fram munu koma í umhverfismati framkvæmdanna, áður en skipulagsforsendur framkvæmdanna eru endanlega ákveðnar með samþykkt og staðfestingu aðalskipulagsbreytinganna. Rétt er í því sambandi að benda á að þau tímamörk sem tilgreind eru í 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga fyrir afgreiðslu sveitarstjórnar til Skipulagsstofnunar eru ekki fortakslaus og hægt að víkja frá þeim í einstökum tilvikum.

Skipulagsstofnun mælir með að sveitarfélagið taki aðalskipulagsbreytingarnar til afgreiðslu að nýju þegar umhverfismati framkvæmdanna er lokið. Endanleg samþykkt og útfærsla stefnu og skipulagsákvæða aðalskipulagsbreytinganna getur þá tekið mið af þeim upplýsingum sem munu koma fram í umhverfismatinu um áhrif m.a. á landslag og ásynð, fuglalíf, samfélagsleg áhrif og samlegðaráhrif vindorkuveranna. Að mati Skipulagsstofnunar er augljós ávinningur af slíkri samkeyrslu ferlis mats á umhverfisáhrifum og skipulagsgerðar þegar skipulagsbreyting er takmörkuð að efni til við tiltekin framkvæmdaáform.

Þegar umhverfismati er lokið tekur sveitarstjórn þá aðalskipulagsbreytingarnar til afgreiðslu að nýju og tekur afstöðu til þess hvort upplýsingar í matsskýrslu framkvæmdaraðila og áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna gefa tilefni til breytinga. Það getur til dæmis varðað umfang og útfærslu uppbyggingarinnar, tengingu virkjana við raforkuflutningskerfið og mótvægisaðgerðir til að koma í veg fyrir eða draga úr neikvæðum áhrifum.

Skipulagsstofnun vekur jafnframt athygli á því að óleyst er hvernig áformuð vindorkuver í Dalabyggð og í Reykhólahreppi geta tengst við raforkuflutningskerfið, sbr. umsagnir Landsnets um skipulagstillögunar. Í umsögnunum er bent á að greina þurfi möguleika á tengingu við flutningskerfið og kanna þurfi sérstaklega hvort mögulegar jarðstrengslagnir að tengipunkti við flutningskerfið hafi áhrif á afhendingargæði raforku. Þá óskar Landsnet eftir niðurstöðum kerfisgreininga framkvæmdaraðila á áhrifum fyrirhugaðs vindorkuvers á rekstur flutningskerfisins. Að mati Skipulagsstofnunar þarf að leysa úr þessum spurningum áður en aðalskipulagsbreytingar um vindorkuverin eru staðfestar til gildistöku.

Skipulagsstofnun telur að svo stöddu ekki ástæðu til að fara frekar yfir einstök efnisatriði aðalskipulagsbreytinganna en bendir á að Alþingi hefur til umfjöllunar lagafrumvarp og þingsályktunartillögu um breytta málsmeðferð virkjanakosta í vindorku frá því sem gildir samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun) í dag. Miðað við núgildandi lög og rammaáætlun þarf að útfæra stefnu og skipulagsákvæði í aðalskipulagi, bæði í greinargerð

og á uppdrætti, varðandi vindorkuver í landi Hróðnýjarstaða og Sólheima eins og gildir um virkjunarkosti í biðflokki rammaáætlunar. Svæði sem falla í biðflokk í rammaáætlun eru skilgreind sem varúðarsvæði í aðalskipulagi sbr. n-lið í gr. 4.3.1 í skipulagsreglugerð.



Birna Björk Árnadóttir

